



verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfir-  
dómi eftir mati réttarins.

Hinn 20. febr. f. á. töpuðust tveir vélarbátar frá Vestmanneyjum »Bergþóra« og »Njáll«, með þeim atvik-  
um, að bátar þessir, er voru þann dag í fiskileit frá ey-  
junum ásamt flestum öðrum vélarbátum þar, hreptu storm  
mikinn á heimleiðinni og dimmviðri, og stöðvuðust þá  
vélararnar í þeim, svo þeir urðu að leita hjálpar hjá botn-  
vörpuskipum, er þeir hittu fyrir og fengu að festa sig  
aftan í, en slitnuðu síðan aftan úr skipum þessum og  
hurfu út í myrkrið og storminn, svo að þeir sáust ekki  
framar. Bátar þessir voru váttrygðir í bátaábyrgðarfélagi  
Vestmanneyja, sem samkvæmt lögum sínum hefir orðið  
að greiða bætur fyrir missi þeirra,  $\frac{4}{5}$  af verði bátanna  
eða samtals 7936 kr. 80 aur. fyrir báða bátana, en báta-  
ábyrgðarfélagið heldur því fram, að töpun bátanna hafi  
orsakast af vondri steinolíu, er bátarnir höfðu til vélanna  
og keypt hafði verið í verzlun stefnda, og telur það  
stefnda því eiga að bæta sér tjón það, er félagið hafi beð-  
ið fyrir missi bátanna og greiðslu váttryggingarupphæðar-  
innar til eigenda bátanna, og höfðaði því mál þetta í hér-  
aði gegn stefnda.

Því hefir verið haldið fram af stefnda, að mál þetta  
væri of snemma höfðað af áfryjanda, bátaábyrgðarfélaginu,  
þar sem það hafi eigi verið orðinn eigandi skadabótakröf-  
unnar á hendur stefnda, er það höfðaði mál þetta í hér-  
aði, hvorki með því að greiða eigendum bátanna upphæð-  
ina, né á annan hátt, og hafi því málið eigi verið höfð-  
að af réttum aðila. En þar sem áfryjandi hafði, þegar  
áður en hann höfðaði málið, undirgengist þá skuldbind-  
ing að greiða eigendum bátanna váttryggingarupphæðina



samkvæmt lögum félagsins eftir áskorun eða kröfu báta-eigendanna þar að lútandi, og hann síðar, jafnvel áður en bein vefenging á heimild hans til málshöfðunarinnar af þessum sökum kom fram frá stefnda hálfu, greiddi af hendi bæturnar, þá verður ekki álitid að hann hafi brostid heimild til að telja sig réttan aðila gagnvart stefnda, að því leyti hann áleizt valdur að bátatapinu, og mál þetta verður því að teljast höfðað af áfrýjanda með fullri heimild.

Áfrýjandi hefir bygt skaðabótakröfu sína á hendur stefnda á því, eins og áður er sagt, að steinolia sú, er notuð var til vélanna á fyrnefndum bátum, hafi verið keypt hjá stefnda og hann sérstaklega mælt með henni til notkunar á vélarbátum, en þegar til kom, hafi hún reynst afarilla, vélarnar óhreinkast svo af sóti úr henni, að iðulega hafi orðid að hreinsa þær, og hafi þessi galli á oliunni valdið stöðvun vélanna í bátum þeim, er um er að ræða í máli þessu, daginn sem þeir töpuðust, svo að þeir hafi orðid ósjálfbjarga og orðid að leita á náðir botnvörpuskipanna, er þeir síðan slitnuðu aftan úr. án þess að við því yrði gjört. Hafi því olian og óhæfileiki hennar til notkunar við vélarnar verið orsök í missi bátanna, og eigi seljandi hennar, stefndi, því að bæta þenna missi. Stefndi hefir neitað því, að nokkur sönnun sé fram komin fyrir því, að olía sú, er hann hafi selt, hafi verið vond, eða hafi orsakað bátamissinn, og þótt svo hafi verið, þá hafi hann eigi tekið á sig ábyrgð á gæðum oliunnar, eða á annan hátt orðid skaðabótaskyldur fyrir sölu hennar.

Oliá sú, er stefndi seldi og umræddir vélarbátar og margir aðrir notuðu, var frá hinu danska steinoliufélagi í

Reykjavík, og var það almenningi öllum í Vestmanneyjum kunnugt, og stefndi seldi olíuna eigendum téðra vélarbáta og öðrum eins og hún kom frá félaginu, með merki þess og samkvæmt prentuðu meðmælaskjali félagsins, en eftir því var sú tegund olíu, er merkið á tunnunum benti til, talin sérstaklega vel fallin til notkunar á vélarbátum. Stefndi hafði umrædda steinolíu í umboðsölu fyrir steinolíufélagið, og hann tók ekki sjálfur á sig neina ábyrgð á gæðum olíunnar, eða hæfileik hennar til þeirrar notkunar, enda er engin ástæða til að halda, að hann hafi haft frekari kunnngleik til gæða hennar en lýsing sú gaf, er fyrgetið prentað meðmælaskjal steinolíufélagsins innihélt, það er almenningur einnig sá. Þar sem afstöðu stefnda til steinolíunnar var þannig varið, að kaupendur hennar gátu eigi gjört ráð fyrir því, að hann væri að nokkru fróðari um gæði hennar eða hæfileika til vélanotkunar en þeir sjálfir, verður stefnda eigi gefin sök á því, þótt steinolían reyndist miður en skyldi, eða lýsing steinolíufélagsins gaf í skyn, svo að hann verði skyldaður til að bæta tjón það, er kaupendurnir telja sig hafa beðið fyrir það, að þeir treystu meðmælum þeim til vélanotkunar, er olíunni voru gefin í lýsingu steinolíufélagsins. Það þarf því ekki að rannsaka það frekara, hvort það er sannað í málinu, sem áfryjandi hefir haldið fram, að steinolían hafi verið verri en henni var lýst í téðu meðmælaskjali, eða þar næst, hvort beint orsakasamband hafi verið milli óhæfileika olíunnar til vélanotkunar og bátanlissisins, en hvoru tveggja þessu hefir stefndi neitað. Það verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfu áfryjanda um skaðabætur fyrir tjón bátaábyrgðarfélagsins, sökum töpunar bátanna, að hann hafði eigi með



sölu oliunnar tekið á sig neina ábyrgð á öðru en því, að hin selda olía væri frá steinolíufélaginu með óbreyttu merki og umbúðum, eins og það hafði afgreitt hana, en á því hefir engin vefenging verið gjörð, að svo hafi verið. Samkvæmt þessu verður að staðfesta hinn áfryjaða aukaréttardóm, einnig málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfryjandi greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 50 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Afryjandi, Bataábyrgðarfélag Vestmanneyja, greiði stefnda, Gísla kaupmanni Jóhannssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 50 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 16/1909:

Sveinn Björnsson  
fyrir hönd H. W. Friis  
gegn  
Gísla Finnssyni.

Dómur:

Stefndi Gíslí Finnsson járnsmiður höfðaði mál þetta fyrir aukarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar á hendur Agnari skipstjóra Magnússyni sem handhafa eða varðveizlumanni fjármuna nokkurra, tilheyrandi H. W. Friis útgerðarmanni